

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (samlags-
hlutafélög o.fl.).

Frá efnhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá við-
skiptaráðuneyti og Jóhann Albertsson lögfræðing. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Nýsköp-
unarsjóði atvinnulífsins, Landssamtökum lífeyrissjóða, Viðskiptaráði Íslands, ríkisskattstjóra,
Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Samtökum atvinnulífsins.

Meginefni frumvarpsins er að setja ítarlegri ákvæði um samlagshlutafélög í lög um hluta-
félög en í gildandi lögum er aðeins minnst á þau í einni grein, þ.e. 159. gr. Lagt er til að sam-
lagshlutafélögum sem stunda fjárfestingarstarfsemi verði veitt frelsi til að víkja frá tilteknum
ákvæðum laganna. Jafnframt eru lagðar til breytingar á ákvæðum um arðgreiðslur.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Lögð er til breyting á b-lið 1. gr.
vegna framkominna umsagna þannig að arðgreiðsluákvæði frumvarpsins nái til allra hluta-
félaga en ekki aðeins þeirra hlutafélaga sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað.

Þá er lagt til að 5. mgr. a-liðar 2. gr. verði felld brott enda er tilvísun hennar í viðkomandi
reglur og lög allt of víðtæk og óljós að mati nefndarinnar auk þess sem hún getur ekki talist
naðsynleg.

Fjallað var sérstaklega um heimildir skv. c- og d-lið 2. gr., þ.e. að breyta hlutafélagi í sam-
lagshlutafélag og öfugt. Nefndin telur rétt með tilliti til minnihlutaverndar að leggja til breyt-
ingu á 1. másl. 1. mgr. fyrrnefnds c-liðar þannig að gerðar séu strangari kröfur en gerðar eru
í frumvarpinu í þeim hugsanlegu tilvikum er vilji stendur til að breyta hlutafélagi í samlags-
hlutafélag. Þannig þurfi ekki aðeins samþykki með þeim fjölda atkvæða sem krafist er til
breytinga á félagssamþykktum heldur samþykki allra hluthafa eins og fordæmi er fyrir í 94.
gr. laganna í ákveðnum veigamiklum tilvikum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrnefndum breytingum sem gerð
er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi við afgreiðslu málsins
og er samþykkur álit þessu.

Alþingi, 29. maí 2006.

Pétur H. Blöndal,
form., frsm.

Hjálmar Árnason.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Dagný Jónsdóttir.

Birgir Ármannsson.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ásta Möller.

Ögmundur Jónasson.